

Pú þarft á mér að halda

Þetta verkefni hvetur nemendur til þess að hugsa um hvernig fólk og hlutir eru háð hvert öðru. Til viðbótar við þessar grunnstoð styður verkefnið við grunnstoðirnar „Að læra gegnum samræður og samskipti“ og „Að læra gegnum ígrundun og mat.“

Áætluð útkoma – nemendur eiga að:

- Geta útskýrt hvernig fólk, dýr og hlutir eru hvert öðru háð og og innbyrðis tengd.
- Geta sýnt fram á meðvituð um hluta og heildir innan mismunandi málefna.

Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólafunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þú ættir þó að nota að lágmarki 30 mínútur í þetta verkefni.

Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
<ul style="list-style-type: none"> • Stór pappírsörk, tafla eða , tafla eða borð 	<ul style="list-style-type: none"> • Búðu til aðgang í Miro Miroborð fyrir skref 2 og 3 • Fartölva fyrir hvern nemanda eða hverja tvo nemendur saman <p>Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</p>

Undirbúningur

→ Veldu manneskju, dýr, hlut eða aðstæður í sögu, texta eða tengda málefni. Útvegaðu líka mynd eða hlut sem tengist því sem þú valdir.

Í kennslustofunni	Blandað nám
Þú getur notað stóra pappírsörk, töflu eða jafnvel borð til þess að láta nemendur teikna á og skýra innbyrðis tengsl.	<ul style="list-style-type: none"> • Hladdu myndinni þinni upp á Miroborðið. • Teiknaðu útlínur kringum myndina. • Útvegaðu mismunandi lita post-it miða og hafðu litina jafn marga og hópana í skrefi 2.

Skref fyrir skref leiðbeiningar

1 Innlögn

Veldu viðfangsefni úr texta, sögu eða sameiginlegri reynslu nemenda. Hér er annað hvort hægt að nota raunverulegar aðstæður eða ímyndaðar. Ræðið innihaldið lauslega. Útskýrðu fyrir nemendum að nú munið þið kynna ykkur saman hverjar þarfir manneskjunnar, dýrsins eða hlutarins eru og getur þá verið

um að ræða sögupersónu, teiknimyndahetju, hlut, dýr, náttúrufyrirbrigði svo sem tré, blóm, jökla, ...sem hafa með samfélagslegu áskorunina að gera.

Um leið og nemendur hafa öðlast grunnskilning á viðfangsefninu er hægt að taka fyrir óhlutbundnari þætti í gegnum spurningar eins og þessa: „Hvaða þættir skapa góðan bekkjaranda?“.

2 Að kynna sér þarfir

Sjáðu fyrir þér sögupersónuna, dýrið eða hlutinn sem þú vilt ræða um. Teiknaðu eða settu upp mynd af viðkomandi í miðju kennslutöflunar eða á stóra pappírsörk. Teiknaðu svo hring utan um myndina.



Spyrðu spurningarinnar: *hvers þarfnast A til þess að...?*

Afhentu öllum nemendum fartölvu/spjaldtölvu. Útvegaðu þeim hlekk á Miroborðið. Láttu nemendur nú skrifa niður hugmyndir sínar á post-it miða (einstaklingslega eða í pörum) og hengja þá kring um myndina. Gefðu þeim nokkrar mínútur í þetta en að þeim loknum skaltu fara yfir svörin og leyfa hverjum nemanda að útskýra tengslin sem þeir komu auga á. Reyndu að byggja Miroborðið upp eins og kennari þegar þú ferð yfir svörin.

A þarf á Y að halda vegna þess að...

Spurningar:

Hvers vegna þarfnast A...?, Hvers vegna hjálpar að...?, En hvað ef A hefði nóg af...?, En hvað ef A gæti/myndi...?, Hver eða hvað getur útvegað þetta? Hvernig getur A verið viss um að það sé eða að hann/hún/hán hafi...? Hver eða hvað annað tengist þessu?

Þú getur samþætt þetta skref eða verkefnið við það að skapa Samkenndarkort (sjá „Að læra gegnum skipulögð ferli“)



3 Að bera saman hugmyndir

Skannið allar hugmyndir. Bætið nýjum við á Miroborðið ef nemendur fá innblástur við að sjá hugmyndir annarra eða leyfðu þeim að bæta við post-it miðum. Gættu þess að halda skýrri yfirsýn.

Þetta þér fleiri möguleikar í hug? Hvaða mismun eða líkindi kemurðu auga á milli hugmyndanna sem hafa komið fram? Vakna ef til vill með þér enn fleiri hugmyndir þegar þú sérð þær?

4 Útvíkkum hugsun nemenda

Snúðu þér nú aftur að sögunni, textanum, viðfangsefninu....Láttu nemendur velta fyrir sér hvaða fleiri persónur eða hluti væri gagnlegt að gefa gaum.

Þarfir hverra væri gott að kanna til viðbótar? Af hverju finnst þér það?

Ef tími gefst til skaltu leyfa nemendum að gera þessa æfingu aftur fyrir aðrar sögupersónur, eða hluti. Þú getur líka skipt nemendum í hópa og leyft þeim að kanna þarfir mismunandi persóna. Skoðið svo tengsl, líkindi og mismun meðal persónanna að því loknu.

5 Ígrundun

- Hvernig myndirðu lýsa því sem við gerðum í þessari æfingu fyrir einhverjum öðrum?

- Hvernig upplifðirðu æfinguna? Hvað fannst þér auðvelt/erfitt/áhugavert?
- Komstu auga á tengsl sem þú hafðir ekki hugleitt áður? Hvers vegna komu þau þér á óvart?
- Hvernig jók æfingin skilning þinn á viðfangsefninu eða ekki?
- Á hvaða annað viðfangsefni/sögu myndir þú nota þessa æfingu á?

Lærðu meira um ígrundun og mat í námsþættinum „Að læra gegnum ígrundun og mat“.

6 Fáðu fjölskylduna með!

Biddu nemendur þína að framkvæma æfinguna heima með fjölskyldunni. Þá er hægt að beita henni á gæludýrið, garðinn eða hvaðeina sem þeim dettur í hug. Ef verkefnið var unnið gegnum blandað nám skaltu deila hlekknum á svæðið sem vinnan fór fram á með nemendum og foreldrum. Hvað finnst fjölskyldunni? Eru þau sammála hugmyndum nemendum. Hvers vegna eða hvers vegna ekki?